



Leiðbeiningar á vinnuferli í fjárvís.is

❖ **Skrá allt í réttri tímaröð.**

- Fang
- Burð og athugasemdir (atburð)
- Vorskil á gögnum
- Þunga á lifandi lömbum, stígun og ómskoðun
- Slátrun lamba
- Afdrif annarra lamba, seld og óheimt.
- Ær sem slátrað eða hafa drepist
- Haustskil á gögnum.

❖ **Stofnskráning**

Á helst aldrei að nota, eingöngu ef keyptir eru gripir af búi sem ekki hefur verið í skýrsluhaldi, hafa samband við ráðunaut áður til að fullvissa sig um að gripirnir séu ekki til í gagnagrunninum, fullorðnir hrútar sem seldir eru á milli bæja innan sama fjárræktarfélags eiga að halda sínum númerum.

❖ **Fangskráning**

- Skrá framleiðsluárið.
- Ekki nauðsynlegt að skrá dagsetningu
- Hægt að velja hóp af ám sem fá með sama hrút, ef ekki er skráð dagsetning.
- Hér er hægt er að fara beint í burðarskráningu ef verið er að skrá um eða eftir sauðburð og er þá skráð fang á einstaka á .
- Gemlingar(lambgimbrar) sem ekki er haldið , merkja við [Gemlingur hafður geldur](#)

❖ **Burðarskráning**

- Hér þarf að vera búið að skrá fang á ána.
- Hér er einnig skráð í **Atburð** ef ærin hefur látið, er geld eða hefur drepist fyrir burð.

❖ **Skrá atburð**

- Hvenær sem er er hægt að skrá atburð.
 - Ær, sjúkdómar, sæðingar og.fl.
 - Hrútar, sjúkdómar
 - Lömb, sjúkdómar og.fl.



❖ Skil að vori

Skil að vori

Skráðar hafa verið 171 fangfærslur á þessu framleiðsluári.
Skráðar hafa verið 271 burðarfærslur á þessu framleiðsluári.

Skila vorgögnum

Hér er búið að gera grein fyrir öllum ánum og því hægt að skila

Forritið fer yfir gögnin og gerir athugasemd ef ekki er búið að skrá fang og burð á allar ærnar

- Gera verður grein fyrir öllum ánum svo hægt sé að gera vorskil, ef ær er óborin er merkt við Óborin við voruppgjör
- **BÍ** sendir lambabók til bænda.

❖ Skrá þunga




- Vigt á lifandi lömbum skráð hér, einnig ef ærnar eru vigtaðar.
- Vigtun á lömbum, Þungaskráning án hóps (lömb) , velja földa vigtardaga sem á að skrá.
- Velja lambanúmer úr listanum eða slá inn númer lambsins, skrá dagssetningu á vigt (þarf aðeins að skrá einu sinni).
- Hægt er að merkja við Lifandi Dauð lömb ef við viljum fá eingöngu lifandi lömb í gluggann, dauð lömb eru merkt með X .

❖ Dómaskráning





- Stigun og ómmæling er skráð hér og ef ekki er búið að skrá lífvigt áður, er hægt að skrá hana hér ásamt dómum.
- Merkja þarf við hvort skrá eigi gimbrar eða Full skráning (hrútlömb)
- **Tæki** , nr ómtækis (1 hollenskt, 2 skoskt)
- Ekki þarf að slá inn kommu í dómum.

❖ Skrá slátrun



- Hér er hægt að skrá slátrun á þeim gripum sem ekki koma í sláturskrá frá sláturhúsi. Öll sláturhús eiga að senda sláturskrá inn í gagnagrunninn, og er þá farið á forsíðu.
- **Forsíða, Staðfesta sláturupplýsingar**
 - **Velja dagsetningu**
 - ◆ Fara vel yfir sláturupplýsingar og leiðréttu ef þörf er.
 - **Lesið inn í gagnagrunninn,**
 - ◆ Ef einhverjir gripir verða eftir, þá þarf að skoða hvort mislestur hefur orðið á númerum eða gripirnir ekki til í grunninum, (lömb sem fæðst hafa eftir vorskil)
- ❖ **Skrá afdrif lamba**
 - Hér eru skráð sem sett eru á og þarf þá að gefa þeim **gripanúmer** (fullorðinsnúmer), einnig eru hér skráð ef lamb hefur drepist eða bíður slátrunar.
- ❖ **Skrá sölu gripa**
 - Alla gripi sem seldir eru lifandi frá búinu þarf að skrá hér.
 - Skrá dagsetningu sölu og kaupbú, leitarvalmöguleiki þar sem hægt er að leita eftir skýrsluhaldsnúmeri, býlisnúmeri eða heiti býlis, til að finna kaupbúið. Allir fjáreigendur eiga að vera skráðir inn í kerfið.
 - Ef kaupbú finnst ekki skal hafa samband við Búnaðarsambandskrifstofu.
- ❖ **Skrá afdrif áa**
 - Skrá ær sem slátrað var undir liðnum „**skrá slátrun**“ ær sem drepist hafa eru skráðar undir liðnum „**fjárleit**“ finna gripinn sem á að skrá afdrif á, smella á táknið  (breyta) og fletta upp í glugganum „**afdrif**“
- ❖ **Skil að hausti**
 - Síðasta verkið í þessu ferli er að gera „skil að hausti“, þá koma athugasemdir ef ekki er búið að gera grein fyrir öllum lömbum og þarf þá að bæta úr því.
 - Mjög gott er að fara í fjárleit og velja ær sem eru lifandi og skoða hvort það passi við þá tölu sem raunveruleg er, áður en haust skil eru gerð, þá verður fjárnúmerkerfið sem send er út rétt.
- ❖ **Fjárleit**
 - Undir liðnum „**Fjárleit**“  (breyta) er líka hægt að bæta við upplýsingum um gripi, nafn, lit, hornalag og fl.
 -  Ef smella er á þetta tákni kemur æviferilsskýrsla fyrir ána.



-  Hér kemur ættatré gripsins.
-  **Hér er upplýsingum um gripinn eytt og skal það ekki gert nema að vel athuguðu máli, þar sem erfitt getur verið að endurheimta gögn.**
- Hægt er að raða eftir hvaða lið sem er með því að smella á titillínu, hér er raðað eftir „Grip“, einnig er mjög auðvelt að færa gögn yfir í excel skjal með því að smella á þetta tákn.  Ef prenta á er smellt á prenttákn 

Fjöldi færslna: 6

Gripur	Faðir	Móðir	Afdrif sem lamb	Litur
03-030 Snerpa	01-216 Garpur	96-126 Móeiður	Lamb sett á	40    
03-031 Glæst	98-876 Glæsir	98-334 Mylla	Lamb sett á	11    
03-032 Petra	97-836 Sekkur	98-302 Petra	Lamb sett á	11    
03-033 Posa	97-836 Sekkur	98-302 Petra	Lamb sett á	11    
03-034 Mjöll	97-843 Lækur	97-165 Vala	Lamb sett á	11    
03-035 Elfa	97-843 Lækur	97-165 Vala	Lamb sett á	12    

❖ Skýrslur

- ❖ Undir liðnum skýrslur eru ýmsar yfirlitsskýrslur, sem hægt er að skoða og prenta út.

- ❖ Aðrar yfirlitssíður, sem hægt er að skoða eftir ýmsum leitarskilyrðum.

- Fangyfirlit
- Burðaryfirlit
- Sláturfirlit
- Afkvæmayfirlit
- Dómayfirlit
- Þungayfirlit
- Kaup / söluyfirlit
- Fjöldi lamba
- Kynbótamat
- Afkvæmarannsókn (hér er gerð afkvæmarannsókn út frá fyrirliggjandi gögnum)
-



FJÁRBÓK

sauðfjárræktarkerfi



2008 -atb